

20. janúar 2021

Skólaráðsfundur Ártúnsskóla

Fundurinn að þessu sinni var í fjarbúnaði vegna covid 19. Linkur hafði verið sendur út á fundinn fyrir jól en svo voru vandræði með tengilinn í upphafi fundarins, hann virtist vera útrunninn. Þannig að það þurfti að senda aftur út tengil á fundinn eftir að hann hófst og upphaf fundarins dróst því aðeins. Guðrún Bára aðstoðarskólastjóri stýrði fundinum og starfsfólk skólans og nemendur voru saman í tölvustofu og foreldrar tóku þátt að heiman.

Á næsta fundi munu fulltrúar foreldrafélags verða boðaðir á fundinn. Það er einn þannig fundur á ári skv. skipulagi og hann verður í febrúar.

Farið var yfir stöðu skólastarfsins í haust og veturinn hefur að mörgu leyti verið þungur með öllum sínum takmörkunum og skipulagi en líka notalegur með fámennari hópum og nánd í hólfulum. En það var mikill léttir fyrir skólastarfið í heild sinni þegar við gátum farið aftur í hefðbundið skólastarf eftir áramótin. Það var sérstaklega erfitt fyrir nemendur á yngra stigi að vera allan daginn í sömu skólastofunni, því frístundastarfið var í sama rými og kennslan. En frá og með þessari viku er starfsemi Skólasels komin í hefðbundið form og búningsklefar í íþróttahúsi hafi verið opnaðir aftur. Útleiga á íþróttasalnum á kvöldin hófst aftur í þessari viku og hringekjur árganga hefjast aftur í næstu viku. Það sem út af stendur er því eins og er föstudagssamveran en við erum ekki að hittast öll á sal enn sem komið er en vonandi verður það möguleiki með vorinu. Skólastarf er samt sem áður enn án aðkomu foreldra og annarra gesta og það verður þannig áfram eins langt og við sjáum í skipulaginu.

Næst var farið yfir innra mat skólans og í vetur hefur innra mat verið með minna móti en við höfum samt sem áður unnið að námsmati og þróun á því og rýnt í lestraráætlun skólans og sú vinna heldur áfram á vormánuðum. Skólaráð hafði ekki aðrar tillögur við þetta að bæta.

Bára sagði frá því að unnið er að umsókn fyrir endurnýjun grænfánans og Sesselja og Hanna Sóley halda utan um þá vinnu sem forsvarsmenn heilsueflingar og grænfána í skólanum.

Á döfinni í skólastarfinu er að núna stendur yfir lestrarsprettur í skólanum og á bóndadaginn þá ætlum við að bjóða upp á smakk á þorramat í hádeginu. Þann 5. febrúar er svo starfsdagur hjá leik- og grunnskóla og vetrarleyfi verður 22. og 23. febrúar hjá grunnskóladeild og frístund.

Sumarlokun leikskóla og frístundar var rædd næst og tillagan sem lögð var fyrir var að hafa lokað frá 7. júlí og opna aftur 5. ágúst og tillagan var samþykkt. Skóladagatalið verður svo til umræðu á fundi skólaráðs í mars.

Undir liðnum önnur mál var spurt út í framkvæmdir á lóðinni og þau mál voru rædd lítillga. Það sér fyrir endann á framkvæmdunum og við fögnum mjög þeim breytingum sem orðið hafa á skólalóðinni börnunum til heilla.

Fundarritari:

Guðrún Bára Gunnarsdóttir